

EFTIRLITSSKÝRSLA

Málning hf. Kópavogur



Dags eftirlits	19.6.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Málning hf.	Eftirlitsmaður	Kristín Kröyer
Heimili	Dalvegi 18	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4502694849	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Húni Sighvatsson	ÍSAT nr.	20.30.0
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Lúthersson	Staðsetning	360217,744 403405,653

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sett var eitt frávik frá lögum, reglum og kröfum í starfsleyfi og þrjár ábendingar um það sem betur má fara í starfseminni.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Málningu hf. að Dalvegi í Kópavogi þann 19. júní 2024. Rekstraraðili er með starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun þann 20. júní 2016 sem gildir til 20. júní 2032.

Boðuð dagskrá

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Trygging vegna bráðamengunar
- Uppfærslur vöktunaráætlana
- Grænt bókhald
- Áhættumat
- Kvartanir
- Vettvangsferð
- Annað

Niðurstöður síðasta eftirlits

Frá síðasta reglubundna eftirlit voru eitt frávik og tvær ábendingar.

Uppfæra skal áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda á a.m.k fjögurra ára fresti. Áhættumat og viðbragðsáætlun hafa verið uppfærð og verða hluti af gæðahandbók rekstraraðila. Áhættumat hefur verið gert en þörf er á að gera ýtarlegri greiningu. Í upplýsingum sem bárust frá rekstraraðila þann 24. nóvember 2023 kom fram að rekstraraðili muni gera ýtarlegri greiningu á viðbragðs- og áhættumati fyrir bráðamengun hafs og stranda. – áætluð verklok 1. febrúar 2024. Í eftirlitinu kom fram að þessari vinnu er lokið en nauðsynlegt sé að áhættumatið verði yfirfarið reglulega gjarnan á hverju ári. Fráviki því lokað.

Rekstraraðila var bent á að skoða hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að uppfylla gr. 38 í reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, jafnframt að reikna út hver raunveruleg rýrnun lífrænna leysa er í framleiðslunni. Í úrbótaáætlun dagsett 24. nóvember 2023 kemur fram að áætluð verklok hafi verið 1. apríl 2024. Í eftirlitinu kom fram að ekki er búið að ljúka þessari vinnu en rætt var um mögulegar aðgerðir til úrbóta.

Rekstraraðila var bent á að yfirfara þær skráningar sem ber að skrá skv. starfsleyfinu. Í upplýsingum sem bárust frá rekstraraðila þann 24. nóvember 2023 kemur fram að allar skráningar hafa verið yfirfarnar og sameinaðar í rekstrarhandbókinni.

Trygging vegna bráðamengunar

Í eftirlitinu framvísaði rekstraraðili gildu tryggingaskírteini fyrir bráðamengun hafs og stranda sem gildir út árið 2024.

Uppfærslur vöktunaráætlana

Í eftirlitinu var farið yfir það hvort rekstraraðili noti einhver af þeim eignum sem tilgreind eru á lista I eða II í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Samkvæmt því sem fram kom í eftirlitinu eru ekki notuð nein efni á lista I en af lista II eru notuð: sink, títan, kóbolt, ólfræn fosfórsambönd, óþrávirkar jarðolíur og kolvetni úr jarðolíu og ammóníak. Í gr. 7.2 í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns kemur fram að öll losun í vatn, hvort sem um er að ræða beina eða óbeina losun, sem kann að innihalda þau efni sem eru á lista II er háð starfsleyfi. Í starfsleyfinu skulu vera losunarmörk. Engin slík heimild er í starfsleyfi rekstraraðila og því nauðsynlegt að framkvæma sýnatöku á því vatni sem reksturinn sleppir frá sér. Slíkt hefur ekki verið gert.

Grænt bókhald

Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað þann 30. apríl 2024. Í eftirlitinu var rætt um framsetningu upplýsinga um hráefni í bókhaldinu og hvort hægt væri að bæta upplýsingar um hráefnin sem notuð eru í framleiðslunni. Rætt var um að bæta inn upplýsingum um notkun á hættulegum efnum.

Í græna bókhaldinu fyrir árið 2023 eru þrjár neðanmálsgreinar sem sakna skýringartexta. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila eru neðanmálsgreinarnar einungis minnisþingar og ættu ekki að vera í græna bókhaldinu.

Áhættumat

Áhættumat fyrir starfseminu var uppfært í eftirlitinu.

Kvartanir

Engar kvartanir hafa borist er varða Málningu hf. frá síðasta eftirliti.

Vettvangsferð

Gengið var í gegnum framleiðslusal bent var á að talsvert var um að efni væru geymd á gólfinu fyrir framan geymsluhillur án nokkurra árekstravarna.

Skoðaðar voru aðstæður við fellitanka og möguleika á sýnatöku úr frárennsli frá þeim.

Annað

Í eftirlitinu var rætt um það hvort reksturinn falli undir Seveso reglugerðina (reglugerð 1050/2017 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna). Niðurstaðan var að geymsla hættulegra efna á svæðinu nær ekki stærðarviðmiðum til að falla undir reglugerðina.

Rætt var um hitastigið í leysiefnageymslunni. Samkvæmt starfsleyfinu (gr. 3.4) skal geyma leysiefni við minna en 20°C. Samkvæmt útskrift úr hitamælinum sem rekstraraðili sendi að eftirlitinu loknu hefur hitastigið farið yfir 20°C, 25 sinnum á tímabilinu 9. nóvember 2023 - 20. júní 2024.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 3.4 í starfsleyfi

Leysiefni skal geyma við minna en 20°C hita. Á tímabilinu 9. nóvember 2023 - 20 júní 2024 fór hitinn 25 sinnum yfir 20°C.

ÁBENDINGAR

Mikilvægt er að öll efni séu geymd á öruggan hátt, í lekabyttu og með árekstravörn.

Rekstraraðila er bent á að framkvæma mælingar á þeim efnum sem notuð eru í starfseminni og eru á lista I eða II í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Rekstraraðila er bent á að bæta við upplýsingum um hættuleg efni sem notuð eru í rekstrinum í græna bókhaldið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.07.2024



Kristín Kröyer

